

Námsáætlun 2016-2017

Námsgrein: Hönnun og smíði – hringekja – 7. bekkur

Lýsing frá kennara:

Meginmarkmið í hönnun og smíði er að vekja og efla áhuga nemenda á handverki og verkgreinum og að þeir fái tækifæri til að þroska með sér verkfærni og verkunnáttu og vera skapandi í starfi.

Nemendur fá að vinna með fjölbreytt efni s.s. smíðavið, málma, plast og leður. Samhliða því er unnið með grunnþætti í almennri menntun s.s. að nemendur verði læsir og gagnrýnir á umhverfi sitt, temji sér vinnusemi, góða umgengni og beri virðingu fyrir sínum verkum og annarra. Smíðin er því góður undirbúningur fyrir lífið og á að stuðla að færni til frekara náms.

Nemendur í 7. bekk eru í hringekju í myndmennt, textilmennt, heimilisfræði og hönnun og smíðum, hver hópur u.þ.b. 9 vikur á hverjum stað. Kennsluáætlunin endurtekur sig yfir veturinn fyrir alla hópa.

Fyrsta lota er frá 22. ágúst – 30. október 2016
Þriðja lota er frá 16. janúar – 20. mars 2017

Önnur lota er frá 31. október – 15. janúar 2017
Fjórdða lota er frá 21. mars – 2. Júní 2017

Tímabil	Markmið	Verkefni	Verklýsing	Efni
Ágúst	Að nemendur læri að hanna hlut út frá gefinni forskrift. Að nemendur geti valið sér efni við hæfi og ákveðið útlit með lit og áferð í huga. Að þeir þjálfist í að mæla og saga	Lyklahús. Nemendum eru ekki settar þröngar skorður við þetta verkefni .	Byrja þarf á því að hanna og teikna hlutinn sem á að smíða. Í framhaldi af því fá nemendur efni eftir þörfum. Yfirleitt er málað áður en hugað er að samsetningu.	Fura. MDF. Bollakrókar. Málning. Lím. Skrúfur. Naglar.
September	Að nemendur læri að hanna hlut út frá gefinni forskrift. Að þeir geti valið sér efni við hæfi og ákveðið útlit með liti og áferð í huga.	Lyklahús. Eldhúsrúllustandur úr furu. Nemendur læra að nota handhefil til að laga til og forma furubút í eldhúsrúllustand.	Byrja þarf á því að hanna og teikna hlutinn sem á að smíða. Í framhaldi af því fá nemendur efni eftir þörfum. Hefla þarf ferkantaða furuspýtu	Fura. MDF. Balsaviður Rafmagnsíhlutir Málning.

	Að nemendur læri að nota handhefil. Að nemendur læri að renna milli enda í rennibekk. Að nemendur læri að nota réttar vinnustellingar og geti valið sér viðeigandi hlífðarbúnað.	Nemendur vinna saman tvö eða fleiri að því að búa til svifflugú úr balsaviði eða farartæki sem hreyfist og nota þá í farartækið rafmagnsíhluti s.s. mótör, rofa og rafhlöðubox. Nemendur fá að renna milli enda í rennibekk. Aukaverkefni: Mósaik o.fl. sem tengist þeirra áhuga og getu.	niður svo hún verði nánast hringlaga og á þá að passa fyrir eldhúsrúllur. Hægt er að lakka eða mála eldhúsrúllustandinn.	Lím. Skrúfur. Naglar.
Október	Að nemendur læri að hanna hlut út frá gefinni forskrift. Þeir geti valið sér efni við hæfi og ákveðið útlit með liti og áferð í huga. Að nemendur læri að renna milli enda í rennibekk.	Nemendur geta valið sér verkefni sem hæfa þeirra áhuga og getu.	Verklýsing er sérstök fyrir hvert verkefni þegar nemendur fá að vinna frjálst. Það má gera ráð fyrir að allir þurfi að teikna, saga, pússa og mála eða lakka.	Tilfallandi efni sem smíðastofan býður upp á s.s. smíðavið, málma, plast, leður, leir og gler.
Nóvember				
Desember				

Námsmat

Námsmat eftir nýrri aðalnámskrá fyrir hönnun og smíði er enn í vinnslu.

Kennsluhættir

Algengast er þegar byrjað er á nýju verkefni eða þegar nýtt verkfæri eða vinnuaðferð er tekin fyrir, þá sé sýnikennsla notuð. Verklegr æfing er stundum notuð í framhaldi af sýnikennslu til að þjálfa nemendur í að beita verfærum rétt og til að nemendur tileinki sér rétt vinnubrögð. Þegar nemendur eru

byrjaðir á sínum verkefnum þá fær hver nemandi leiðsögn eftir þörfum.

Kennari, netfang

Gunnlaugur Jóhannsson, gulli@akmennt.is